

Alþingi
Samgöngunefnd
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
faxnr. 563-0430
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/821
komudagur 131/821/05

Akureyri, 21. febrúar 2005

Efni: Skráning og rannsókn umferðarslysa


Ágæti Stefán,

Vísað er til bréfs yðar dags. 9. febrúar s.l. og upplýsist eftirfarandi:

1. Félagið er með starfsemi í ökutækjatrýggingum og annast því skráningu umferðarslysa vegna tjóna sem það kann að þurfa að bæta. Ekki er um rannsókn á umferðarslysum að ræða hjá viðtakenda heldur er byggt á gögnum lögreglu.
2. Helstu skráningar eru vátryggingartaki hjá félaginu, dags. tjóns, hvenær tjónið er tilkynnt, skr.nr. ökutækja sem hlut eiga að máli, hverjir eru tjónþolar, hverjir eru taldir slasaðir, áætluð tjónsfjárhæð, hvar slysið gerist (póstnr.), hver er tjónvaldur/ökumaður og orsakarkóti.
3. Eins og að ofan greinir annast félagið ekki rannsókn umferðarslysa.
4. Lögregluskýrslu eða tjónstilkynningu. Þegar um líkamstjón er að ræða berast félaginu jafnframt læknisvottorð og önnur heilsufarsgögn, skattframtöl, launaseðlar o.þ.h.
5. Þegar um líkamstjón er að ræða berast félaginu upplýsingar er teljast persónulegar. Þessar upplýsingar eru í langflestum tilfellum sendar félaginu frá lögmanni tjónþola, er annast hagsmunagæslu f. hinn slasaða. Gögnin eru notuð við mat á bótaskyldu og til útreiknings bótauppgjörs.
6. Skráning fer fram á grundvelli laga nr. 60/1994 og með hliðsjón laga nr. 77/2000 og 20/1954.

Ef frekari upplýsinga er þörf þá vinsamlegast hafið samband.

Virðingarfyllt,
Vörður Vátryggingafélag


Pál Guðmundsson